
Haustfundur Kvasis 2005 - Húsavík dagana 25. og 26. október

Þema: Samvinna fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna innan Kvasis

Mættir: Bryndís Þráinsdóttir, Guðjónína Sæmundsdóttir, Sigurður Ólafsson, Emil Björnsson, Smári Haraldsson, Guðrún Kristín Jóhannsdóttir, Ásmundur Sverrir Pálsson, Inga Sigurðardóttir, Jóhann Ingólfsson, Aðalheiður Jónsdóttir, Mennt, Grettir Sigurjónsson, HÍ, Sverrir Pálson, Erla Guðmundsdóttir, Valgerður Guðjónsdóttir, Arnar Hjaltalín, Visku, Arna Björnsdóttir, Símei, Soffía Gísladóttir, Guðjón Arngrímsson, MSS, Tryggvi Finnsson og Óli Halldórsson, Þekkingarsetrinu Húsavík, Harpa Pálmadóttir, HÍ, Svava Svavarsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Erla Sigurðardóttir, FræÞing.

1. Setning fundar.

Formaður Kvasis, Bryndís Þráinsdóttir setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og kynnti þema og dagskrá fundarins. Því næst fól hún Óla Halldórssyni fundarstjórn.

2. Hvað er á döfnni í fjarkennslumálum HÍ?

Kennslumiðstöð HÍ, Harpa Pálmadóttir, fræðslustjóri og Grettir Sigurjónsson, tækniamaður.

Harpa sagði háskólann ekki hafa neina stefnu í fjarkennslumálum. Nú væri hins vegar búið að stofna nefnd sem ætti að fjalla um hagnýtingu upplýsingatækni til kennslu og fjarkennslu. Stefnt er að því að nefndin leggi fram tillögur næsta vor á Háskólaþingi. Verið er að setja starfshópin saman. Niðurstaðan á að vera greinargóð og skýr stefna og áætlun um það hvernig stefnunni verði hrint í framkvæmd. Harpa sagði nauðsynlegt að slík stefna væri fyrir hendi og að það muni auka möguleika áhugasamra kennara á því að þróa fjarkennd námskeið.

M.a. er stefnt að því að allir kennarar nýti upplýsingatækni í kennslu og að fyrsta árs námskeið verði netvædd að því marki sem unnt er. Þetta þýðir að allar glærur yrðu aðgengilegar á Uglunni og að kennarar myndu nýta sér samskiptamöguleika netsins.

Kennslumiðstöðin á að stuðla að bættum kennsluháttum í skólanum og hvetja til aukins fjarnáms og styðja við þá kennara sem sinna fjarkennslu.

Stefnt er að því að auka framboð Hugvísindadeildar á fjarnámi stórlega frá og með næsta hausti. Deildin er mjög jákvæð.

Nýlega hefur verið lögð könnun fyrir fjarkennara til að kanna viðhorf þeirra til fjarkennslu og meta hæfni þeirra til að nýta upplýsingatæknina. Úrvinnslu er ekki lokið, en stefnt er að því í kjölfarið að leggja slíka könnun fyrir alla kennara HÍ. Einn

kennari sagði sárlega vanta stefnumörkun af hálfu skólans og að ómæld vinna kennara við fjarkennsluna væri stórlega vanmetin.

Óli Halldórsson vildi vita hvernig ákvaðanir um það hvort bjóða ætti greinar í fjarnámi væru teknar; hvort það væri kennaranna að ákveða það. Harpa sagði svo vera, að þetta byggðist mikið á áhuga ákveðinna kennara og skora. Heildarstefna væri ekki fyrir hendi.

Bryndís vildi vita hvort eitthvað þýddi að koma með óskir um fjarnám í ákveðnum greinum. Harpa tók vel í það og sagði það geta verið mjög hjálplegt.

Smári vildi vita hvort úttekt hefði verið gerð á kostnaði við fjarnám vs. staðnám. Harpa sagði það ekki hafa verið skoðað, en að skýrt hefði komið fram hjá kennurum að þeir vildu aukagreiðslur fyrir kennsluna, enda væru þeir oft að leggja mikið á sig.

Bryndís spurði hvort fjarnámið væri dýrara en staðnám. Harpa sagði kostnað vegna fjarnámsins lenda á Kennslumiðstöðinni, á meðan kennslukostnaðurinn lenti á deildunum.

Grettir sagði deildirnar fá greitt fyrir þreyttar einingar og reiknilíkanið reiknaði í þrepum en ekki í einstaka nemendum. Það væri því lítið upp úr því að hafa fyrir deildirnar að bjóða upp á fjarnám.

Emil sagði kostnaðinn við staðnemann klárlega vera meiri, hins vegar væri aldrei allt reiknað inn í kostnað (húsnaði o.fl.). Hann hvatti til þess að munurinn á skilgreiningum á fjarnemum og staðnemum yrði þurrkaður út og að nemar gætu stundað námið á eigin forsendum.

Harpa og Grettir tóku undir það. Grettir sagði tækniþróunina styðja við þetta þ.e. að tæknin yrði sífellt meðfærilegri.

Sverrir tók undir orð Emils. Hann sagði að skv. sinni reynslu þá væru það ekki yfirvöld HÍ sem hefðu sett sig upp á móti auknu fjarnámi. Hann benti á að markaðssetning fjarnáms af hálfu skólanna væri áfátt og að skólarnir mættu kanna þörfina sjálfir.

Ína sagði námsframboð mjög lítið hafa verið auglýst. Hún vildi líka vita hvort HÍ hefði hugsað sér að bjóða upp á fjarnám sem væri hægt að klára alfarið í fjarnámi.

Grettir sagði það örugglega verða í framtíðinni, en að fara þyrfti í sokkana áður en farið væri í skóna.

Óli sagðist vera að kenna námskeið við Háskólann á Akureyri. Hann hefði kennt námskeiðið í hefðbundnu staðnámi í fyrra, en í ár var honum gert að kenna námskeiðið í fjarnámi. Hann sagði það hafa verið mjög litla viðbót í vinnu. Þarna hefði ákvörðun verið tekin af stjórnendum deildarinnar og kennurum svo gert að bregðast við.

Grettir tók undir að taka þyrfti ákvörðun „að ofan“, en þá þyrfti tæknin að vera fyrir hendi og kennararnir klárir í að hrinda stefnunni í framkvæmd.

Smári sagði símenntunarmiðstöðvarnar gegna lykilhlutverki í markaðssetningu. Ekki væri nóg að auglýsa heldur þyrfti að vinna þetta „maður á mann“. Smári sagði að einnig þyrfti að gera fólki kleyft að stunda námið (bjóða upp á aðstöðu og veita stuðning).

Emil og Smári þökkðu Hörpu og Gretti fyrir samstarfið og lýstu yfir ánægju með vinnu og baráttu Kennslumiðstöðvarinnar.

Í lokin spunnust nokkrar umræður um praktísk atriði varðandi skráningu fjarnema, en nokkur brögð hafa verið að því að nemendur birtist án þess að ráð sé fyrri þeim gert.

3. Mat á Viku símenntunar 2005

Aðalheiður Jónsdóttir, framkvæmdarstjóri Menntar.

Aðalheiður lýsti í stuttu máli breytingum á Viku símenntunar. Fimm ára átaki er lokið. Ráðuneytið hefði getað skrúfað fyrir fjármagnið. Hins vegar var ákveðið að gera það ekki, heldur halda þessu inni sem hvatningarátaki á haustin. Nú fer fjármagnið hins vegar ekki til Menntar heldur beint til miðstöðvanna til að bjóða upp á ókeypis námskeið. Hún vill fá að vita hvernig miðstöðvunum fannst takast til. Hún vill líka vita hvort miðstöðvarnar vilji sjá þetta fara fram með öðrum hætti.

Bryndís var ánægð með breytinguna. Jóhann tók undir það og sagði að boðið hefði verið upp á ókeypis námskeið á fimm stöðum. Fimmtán námskeið voru í boði og þrettán voru haldin. Þátttakendur voru mjög ánægðir.

Guðrún segist eiga erfitt með að meta breytingarnar þar sem hún hafi tekið þátt í fyrsta skipti í fyrra. Guðrún sagðist hafa mætt á starfsmannafundi til að kynna námskeið og það hefði gefist vel. Hún sagðist ánægð með framkvæmdina.

Valgerður sagðist ekki heldur hafa samanburð. Hún sagði einn aðila hafa komið á ókeypis námskeið í kjölfar auglýsingar. Allir hinir hafi komið vegna persónulegrar kynningar. Hún fór í fimm fyrirtæki og fékk 50 skráningar. Hún hefur síðan notað þessa aðferð. Hún fagnar því að fá styrk til að gera þetta á sinn hátt, en segir lítið koma út úr auglýsingum og fjölmiðlaumfjöllun.

Ína sagðist hafa auglýst námsframboðið og það hafi skilað 20 umsóknum. Í kjölfarið var farið í heimsóknir í fyrirtæki og voru þá túlkar með í för. Henni fannst gott að fá sérstakan styrk í að gera hlutina á þann hátt sem hentar á hennar svæði.

Soffía sagði lesblinda hafa verið markhópurinn í Eyjafirði. Þar hafi bæði verið auglýst í blöðum og útvarpi, auk þess sem auglýsingar voru sendar í öll fyrirtæki. Þátttaka var prýðileg og Soffía lýsti yfir ánægju með að hafa svigrúm til að nota peningana eftir þörfum. Hún sagði þó spurningalista til að meta árangur hafa valdið nokkrum vandkvæðum þar sem markhópurinn var lesblindur. Erla sagði starfsmenn Símeypjar hafa verið sýnilegri en oft áður í vikunni og það væri mjög jákvætt.

Ásmundur sagði FNS ekki enn hafa haldið viku símenntunar. Honum finnst mjög gott að hafa svigrúm til að ákveða hvenær vikan fer fram. Þannig geti peningarnir nýst í að markaðssetja ákveðin námskeið eða þjónustu. Hann segir áhersluna fjá FNS verða á Vík, Hellu og Hvolsvöll, auk starfsmanna Mjólkurbús Flóamanna á Selfossi. Þar verði stór fyrirtæki heimsótt til kynninga og í kjölfarið verði haldin kvöldnámskeið. Sjálfsstyrking verður áhersluatriði, auk náms- og starfsráðgjafar.

Inga sagði Símenntunarmiðstöðina hafa haldið tvær Vikur símenntunar. Kynningar hafi farið fram á vinnustöðum þar sem námsframboð haustsins var kynnt, auk þjónstu miðstöðvarinnar. Stjórnendur fyrirtækja voru einnig heimsóttir og rætt um símenntunarmál starfsmanna.

Aðalheiður leitaði því næst eftir því hvað miðstöðvarnar vildu sjá gerast í framhaldinu.

Smári taldi breytinguna hafa verið til bóta. Hann taldi mikilvægt að horfa á þrjú þrep símenntunarinnar: tryggja framboð, markaðssetja og tryggja að fólk geti stundað námið og veita því stuðning. Hann taldi of mikla áherslu vera á fyrsta stigið. Framboðið sé fyrir hendi, en mikla vinnu þurfi að leggja í hvatningu og markaðssetningu. Hann segir skipta mestu máli að ná til fólks og vera sýnilegur. Nú séu menn hins vegar að fókusa á að halda ókeypis námskeið.

Emil sagði hafa teygst á vikunni hjá FNA. Hann sagði mikið fjölmiðlafár hafa verið um námskeið sem FNA ætlar að bjóða uppá sem heitir „Stefnt að starfsframa“. Í kjölfarið á svo að bjóða upp á ódýr tölvunámskeið. Emil sagði kynningar hafa farið fram á 7 stöðum, en þær hafi skilað litlu. Þá hafi verið farið yfir í „maður á mann“ aðferðina og það hafi skilað um 60 þátttakendum. Emil taldi mjög til bóta að fá fjármagn til frjálsrar ráðstöfunar.

Aðalheiður spurði hvort gott væri að miðstöðvarnar kæmu sér saman um þema fyrirfram. Því var vel tekið, en tekið fram að miðstöðvarnar þyrftu að hafa svigrúm til að hafa sér-áherslur.

Inga taldi mikilvægt að nýta slagkraftinn sem felst í sameiginlegum auglýsingum og umræðu á landsvísu, en að miðstöðvarnar héldu sjálfstæði hvað varðar „innihald“ vikunnar.

Ásmundur sagðist ekki vera fylgjandi því að menn væru á sama tíma og taldi grundvallaratriði að miðstöðvarnar hefðu algert frelsi hvað varðar tíma og innihald.

Aðalheiður vildi fá viðbrögð við tímasetningu Viku símenntunar í ár (síðasta vika september). Flestir voru mjög jákvæðir og töldu tímasetninguna til bóta.

Aðalheiður þakkaði fyrir sig og taldi upplýsingarnar mjög gagnlegar.

4. Þekkingarsetrið á Húsavík.

Óli Halldórsson, forstöðumaður.

Óli kynnti hlutverk og starfsemi setursins, sem er miðstöð rannsóknarstarfs á svæðinu. Setrið veitir aðstöðu fyrir rannsóknir, hjálpar til við styrkumsóknir, hvetur til samstarfs o.fl. Þetta er um 50 % af starfsemi setursins. Hinn helmingurinn er svo háskólanámssetur.

Rannsóknir: Mikill efniviður til rannsókna, sérstaklega á sviði náttúruvísinda, en svæðið hefur mikla sérstöðu hvað varðar náttúrufar (Mývatn, Ásbyrgi, hvalir...). Nokkur hefð er fyrir rannsóknum á svæðinu, en þessi starfsemi hefur lítið tengst samfélaginu á svæðinu, heldur hafa rannsóknirnar verið alfarið á forræði háskóla og rannsóknarstofnana utan svæðisins. Hugmyndin var því að ná til þeirra sem stunda rannsóknir á svæðinu með því m.a. að skapa aðstöðu.

Háskólanám/símenntun: Talsverður fjöldi háskólanema, ekki síst á Húsavík. Þjónusta við þá var hins vegar takmörkuð. Fræðþing var með höfuðstöðvar á Kópaskeri og aðeins eitt stöðugildi. Aðstaða var mjög takmörkuð á Húsavík. Mest áhersla var á fullorðinsfræðslu minna menntaðs fólks. Því var talið nauðsynlegt að auka þjónustu við háskólanema.

Nú er staðan þannig að Þekkingarsetrið rekur Fræðþing og ber ábyrgð gagnvart stjórn þess. Þetta fyrirkomulag var talið skynsamlegt í ljósi þess að á þeim tíma sem setrið er stofnað var talið að stefnumótun af hálfu ráðuneytisins í málefnum fullorðinsfræðslu væri handan við hornið. Þekkingarsetrið og Fræðþing bera sameiginlega ábyrgð á háskólanáminu. Fræðþing sér um þjónustuna, en rekstur Háskólanámssetursins er á byrgð Þekkingarsetursins. Eðlilegast væri að sameina þessi batterí, en stefnuleysi stjórnvalda í fjármögnun fullorðinsfræðslu og rannsókna hefur valdið því að ekki hefur verið farið út í að sameina þetta endanlega. Óli sagði fjármögnun Þekkingarsetursins vera í lausu lofti og óljóst hvert framhaldið yrði. Þekkingarsetrið sé ekki á fjárlögum og Menntamálaráðuneytið hafi ekki verið til viðræðu um fjármögnun setursins.

Óli sýndi yfirlitsmynd af dreifingu þekkingarsamfélaga og benti á óreglulega dreifingu stofnananna, enda væri engin stefnumótun til á þessu sviði hjá stjórnvöldum.

5. Gæðamál fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Smári Haraldsson og Guðjónína Sæmundsdóttir

Ína sagði miðstöðvarnar vera svo undirmanaðar að ekki hefði gefist nægur tími til að gefa gæðamálum nægilegan gaum. Á fundi hjá FA kom fram að Fjöltækniskólinn hefði innleitt gæðakerfi og hefur afhent öll gögn um verkefnið og er símenntunarmiðstöðvunum frjálst að nota þau gögn. Ína afhenti fundarmönnum gögnin. Ína hvatti fundarmenn til að hugsa það hvort miðstöðvarnar gætu unnið í sameiningu að gæðamálum.

Smári fjallaði um vinnu FA á sviði gæðamála. Þar hafa verið mótaðar hugmyndir um gæðastjórnun sem stefnt er að því að nota þegar miðstöðvarnar fara að bóða upp á námskrár frá FA. FA ætlar að móta drög að reglum og senda miðstöðvunum til umsagnar. Þessi drög eru nú tilbúin (sjá fylgiskjal 2).

Gert er ráð fyrir að miðstöðvarnar styðjist við gátlista og gæðahandbók við framkvæmd og mat á námskeiðum. Gæðahandbókin tekur á framkvæmd námskeiða frá a-ö, svo sem framkvæmd, kennslufræði, siðfræði, mati á árangri námskeiða og gæðum kennslu.

Smári taldi að miðstöðvarnar gætu notað þennan grunn til að búa til sameiginlegt gæðakerfi fyrir miðstöðvarnar. Þetta væri mikilvægt til að auka viðurkenningu á fullorðinsfræðslu.

6. Samleikur Kvasis og SGS í starfs- og endurmenntun og almennri fullorðinsfræðslu á landsbyggðinni.

Skúli Thoroddssen, framkvæmdarstjóri Starfsgreinasambandsins.

Skúli byrjaði á að útlista hlutverk SGS. Hann sagði SGS fátt óviðkomandi í þjóðfélagsmálum og þar væri fullorðinsfræðsla ekki undanskilin. Fullorðinsfræðslan væri mjög mikilvægur málaflokkur.

Skúli sagði að það væri að fjara undan hefðbundnum atvinnuvegum á landsbyggðinni. Eitthvað annað þyrfti að koma í staðinn og þá væri aukin menntun lykilatriði. Hann nefndi sem dæmi Framtíðarsmiðjuna, verkefni, sem nú er í gangi á Austurlandi. Þar var fyrirtækjum sem voru að loka verksmiðjum stillt upp við vegg og þau fengin til að leggja fé í endurmenntunarverkefni.

Skúli nefndi fleiri greinar þar sem mikil þörf er á aukinni menntun, svo sem í ferðþjónustu.

Sérstaklega var ályktað um fræðslumál á landsþingi SGS árið 2003 þar sem hnykkt var á mikilvægi menntunar. Skúli benti á þá skaðreynd að 61% atvinnulausra er aðeins með grunnskólamenntun. 35% einstaklinga á vinnumarkaði er aðeins með grunnskólapróf. Þetta sé verra hlutfall en í Portúgal. Þessu verði að breyta.

Skúli sagði ljóst að framhaldsskólakerfið dygði ekki til að mæta þessari þörf. Bæta þyrfti aðgengi að styttri námsbrautum og hvetja fólk til dáða. Skúli sagði núverandi kerfi að mörgu leyti gallað. Það þyrfti styttri starfsbrautir sem gefa einingar og hjálpa fólk áfram. SGS er nú að vinna í því að koma slíku námi á, í samstarfi við FA, Landsmennt og Starfsmennt. Fyrstu námsskrárnar verða prufukeyrðar fljótlega.

Skúli segir hins vegar ljóst að ekki sé nóg að hanna námsleiðirnar. Miðstöðvarnar þurfi að koma að því að koma þekkingunni á framfæri. Það sé þó ljóst að miðstöðvarnar hafa varla bolmagn til að bjóða upp á slíkt nám sökum fjárskorts. Þar þurfi að koma til samstarf við fræðslusjóðina.

Skúli sér það fyrir sér að miðstöðvarnar innan Kvasis og Mímir myndi net miðstöðva sem sinni framkvæmd þessara styttri námsbrauta.

Skúli sagði menntun í frumatvinnuvegunum vera mjög mikilvæga. Sérstaklega í ferðþjónustu, þar sem menntunarstigið væri skelfilega lágt, en það hefði nýleg þarfagreining leitt í ljós.

Skúli leggur til að stofnuð verði nefnd helstu hagsmunaaðila í ferðþjónustu, verkalýðshreyfingunni og símenntunarmiðstöðvanna sem móti tillögur að menntakerfi greinarinnar, þar sem það verði útlistað hvað greinin þarf og mótaðar tillögur að því hvaða hlutverki helstu aðilar eiga að gegna.

Skúli bendir á að ríkið er að auka framlög til menntamála um 850 milljónir. Af því er ekkert aukið framlag til fullorðinsfræðslunnar.

Skúli segir sameiginleg verkefni SGS og miðstöðvanna vera að: (sjá nánar í fylgiskjali 3)

- Tryggja miðstöðvunum rekstrarskilyrði
- Tryggja að einingabært nám verði greitt af ríkinu
- Tryggja náms- og starfsráðgjöf og hún sé greidd af ríkinu

- Tryggja fjármögnun mikilvægra sérverkefna (menningarfræðsla, nýbúafræðsla, lesblinda)
- Tryggja samspil verkalýðsfélaga og fræðslumiðstöðva

Skúli las drög að ályktun um fullorðinsfræðslu. Þessi ályktun gæti orðið innlegg í kröfu SGS um auknar fjárveitingar í fullorðinsfræðsluna

Smári lýsti yfir ánægju með erindi Skúla og tók undir orð hans.

Aðalheiður vildi fá að vita hvernig þetta ætti að virka í praxis, t.d. í ferðþjónustunni; hver ætti að stjórna verkefninu.

Skúli sagði ljóst að það þyrfti að draga ráðuneytið að borðinu, eins og gert var með símenntunarmiðstöðvarnar. Skipuleggja verkefnið, taka frumkvæðið og leggja málið svo upp við stjórnvöld. Að öðru leyti væri ekki alveg ljóst áður en haldið væri af stað hvert skipulagið yrði.

Umræða spannst um það hvort fleiri ráðuneyti gætu komið að því að fjármagna verkefnið og var samgönguráðuneytið sérstaklega nefnt til sögunnar. Ágætar líkur voru taldrar á því þangað mætti sækja fjármagn.

Í kjölfarið spannst frekari umræða um ýmis atriði tengd framkvæmd náms á sviði ferðþjónustu.

7. Tennurnar verða að passa! Hugleiðingar um ráðgjöf fræðslumiðstöðvanna.

Emil Björnsson, ráðgjafi hjá FNA.

Emil hóf mál sitt á því hver tilgangur hefði verið með því að stofna fræðslumiðstöðvarnar. Vísaði til efnis úr skýrslu sinni; Smára og Iðunnar, sem skrifuð var fyrir nokkru árum.

Fjallaði um fyrirmyndir í ráðgjöf fyrir fullorðna, skipulega ráðgjöf af fagfólki, sem ekki er til að dreifa hjá öllum miðstöðvunum. Vitnaði til miðstöðvar í Helsingborg þar sem ráðgjöf var veitt í samvinnu vinnumiðlunar og fræðslumiðstöðvarinnar á staðnum. Þetta samstarf reyndist árangursríkt.

Hann sagði að stór hluti af sínu starfi væri að markaðssetja, kynna fjarnám og fá kynningar frá háskólunum, þ.e. fulltrúa frá þeim austur sem þyrftu þó að vera mun öflugri en verið hefur. Hann fer talsvert í fyrirtæki í kynningarferðir auk þess sem Markviss er kynnt í fyrirtækjum.

Þjónusta háskólanna við fjarnemendur dugar ekki til, ráðgjafarnir þar eru einfaldlega of fjarri. Aðstaðan sem fjarneminn fær skiptir öllu máli, hún þarf að vera fagleg og nálæg.

Emil sneri sér nú að samstarfsverkefnum fræðslumiðstöðvanna. Fjallaði um Markviss; að við legðumst á eitt um að fá betri kynningar og markvissari frá háskólunum, námskeið í námsráðgjöf fyrir starfsfólk miðstöðvanna, prófkvíðanámskeið og námskeið fyrir leiðbeinendur fræðslumiðstöðvanna og þá gömlu tillögu að miðstöðvarnar fengju stöðugildi náms- og starfsráðgjafa, kostaða af ríkinu. Ráðgjöf fyrir fullorðið fólk verður að henta því, hver verður að fá sínar réttu tennur (eða tönnur eins og sagt er fyrir vestan).

Umræður urðu talsverðar um mikilvægi ráðgjafar. Hugmynd kom um að halda næsta haustfund Kvasis einhversstaðar á öðrum Norðurlöndum, helst á norðurslóðum í einhverju þeirra.

8. Markviss.

Erla Björg Guðmundsdóttir, ráðgjafi hjá Símei.

Hún sagði að tíu Markviss ráðgjafar séu nú í starfi, þó ekki allir í fullu starfi og hefðu þeir mismikið að gera. Markaðssetningu væri ábótavant, ekki ynnist til þess tími. Vísaði hún hér til könnunar sem hún sendi til stöðvanna á dögnum. Ýmis svör komu frá stöðvunum; allt frá því að sjá mikla möguleika á notkun aðferðarinnar og til þess að möguleikarnir væru litlir eða engir og væri Markviss einungis kostnaðarbaggi á stöðvunum.

Hún lagði áherslu á kynningu á Markviss og að bjóða fyrirtækjum lausnir, þannig næðist að afla aðferðinni brautargengis.

Þar sem ekki eru fastráðnir Markviss ráðgjafar hefur Markviss eiginlega lognast út af, en afur á móti sé staðan allt önnur þar sem ráðgjafi er ráðinn.

Erla lagði áherslu á að stjórn Kvasis marki stefnu um samstarf um Markviss, fjármögnun, menntun ráðgjafa og heimasíðu.

Umræður urðu um efnið, einkum um framtíð verkefnisins. Erla svaraði spurningum fundarmanna.

9. Hópastarf – hugmyndir að nýjum samstarfsverkefnum

Bryndís Þráinsdóttir, formaður Kvasis, kynnti vinnulag
Menn innrituðu sig í hópa sem hittast strax í fyrramálið.

10. Nordplus voksen. Þróunarverkefni.

Raunfærni í fullorðinsfræðslunni, þróun á samnorraenum skilningi sem byggir á norraenum aðferðum.

Inga Sigurðardóttir, Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi.

Inga dreifði upplýsinum um efnið. M.a. er meiningin að þróa verkfæri sem hægt er að nota til að meta hvers konar færni verði útkoman í viðkomandi námskeiðum í víðum skilningi. Matsaðferðina á að þróa í öllum löndunum. Fór síðan yfir hvaða stofnanir taka þátt í verkefninu. Verkefnið byrjar í haust og tekur þrjú ár. Einn á vegum okkar þarf að læra að beita verkfærinu og kenna síðan þeim sem heima eru. Niðurstöður kynntar á samnorraenni ráðstefnu og þar væntanlega ákveðið hvort halda eigi þessari vinnu áfram. Hér er sem sé verið að þróa aðferð sem byggir á norraenni hugsun.

Síðan fjallaði hún um hvað Kvasir þyrfti að gera, s.s. að halda úti tengilið við verkefnið, hvort fleiri en þessi tengiliður taki þátt í hverjum fasa verkefnisins og hver verði þjálfaður sem kennari sem kennir þeim sem heima sitja.

Kvasir er eini aðilinn frá Íslandi sem tekur þátt í þessu verkefni. Taki Kvasir ákvörðun um að vera áfram með í þessu verkefni hefur það í för með sér kostnað sem deilist á allar fræðslumiðstöðvarnar.

11. Niðurstöður úr hópavinnu.

a) **Innlendir styrkir.** Sigurður Ólafsson gerði grein fyrir hópvinnunni. Ákveðið í hópnum að fjalla ekki um neinn „tittlingaskít“. Einstaka miðstöðvar eru oft of veikar til að beita sér í styrkjamálum og því þurfi Kvasir eða stöðvarnar að vinna saman í þessi stóra hagsmunamáli og starfa með stéttarfélagunum og Samtökum atvinnulífsins til að sækja á ríkið. Hópurinn leggur því til að ályktun um þessi mál verði samþykkt.

b) **Gæðamál.** Bryndís Þráinsdóttir gerði grein fyrir vinnu hópsins. Hönnun námskeiða, skráningu á námskeið, nemendur, t.d. hvað þeir eiga að fá í hendur; kennara og leiðbeinendur, hvort t.d. eru gerðir formlegir samningar við kennara; námskeið og framkvæmd þeirra; lok námskeiða; hvernig að því er staðið og mat námskeiða. Þá fjallaði hópurinn um námskeið fyrir starfsmenn stöðvanna, t.d. framkvæmd og gerð fjárhagsáætlana, um greiðslu þátttakenda á námskeiðum o.fl. Tillaga hópsins er að unnin verði að gæðahandbók fyrir stöðvarnar og hún verði tilbúin á haustfundi 2006 og bauð hópurinn sig fram í verkið.

b) **Erlendir styrkir.** Valgerður Guðjónsdóttir fjallaði um niðurstöðu þessa hóps. Hópurinn svaraði því fyrst hverju erlent samstarf skili? Skilar starfsmönnum endurmenntun. Fjallað um ýmis samskipti við erlendar stofnanir. Sammála um að Kvasir sé aðili að einu norrænu samstarfsverkefni og einu alþjóðlegu hverju sinni. Rétt væri að Kvasir sé skráður í miðlægum gagnagrunni já Leonardo. Rætt um mannaskiptaverkefni. Gerði grein fyrir frekari möguleikum á frekara erlendu samstarfi, t.d. Grundvig verkefnum.

Hópurinn var sammála um að í gegnum samstarf stöðvanna og stéttarfélaganna væri ákjósanlegt að hefja samstarf við Eystrasaltlöndin þar sem við getum t.d. ýmsu miðlað af reynslu okkar.

12. Innlegg um starfsemi fræðslumiðstöðva.

Forstöðumenn sögðu frá.

a) Guðrún Kristín gerði grein fyrir starfsemi Fræþings. Fór yfir helstu verkefni stöðvarinnar; stærst eru ferðamálanámskeið og tölvunámskeið í tengslum við verkefnið „Virkjum alla“. Hún kennir talsvert sjálf á námskeiðum til sparnaðar fyrir stöðina. Tómstundanámskeið virðast vera á undanhaldi. Stöðin á við fjárhagsörðugleika að stríða.

b) Guðjónína hjá MSS byrjaði að gera grein fyrir samvinnu við sveitarfélögin á Suðurnesjum um símenntunaráætlanir; Markviss aðferðin notuð við þarfagreiningu.

c) Soffía hjá Símei gerði grein fyrir nýju verkefni sem stöðin er að byrja á tengt markaðskönnun eða greiningu og í framhaldi af því að halda námskeið tengt heilsu, og verða heilsudagar á Akureyri. Styrkur til verkefnisins kemur úr vaxtarsamningi.

d) Valgerður gerði grein fyrir verkefnum Visku og fjallaði í fyrstu um vaxtarsamninginn fyrir Suðurland. Mörg verkefni lúta að rannsókn- og fræðasetrinu í Vestmannaeyjum. Unnið að því að auka vægi Visku í tengslum við rannsóknir hjá setrinu. Íþrótt- og viðburðastjórnunarnám er í burðarliðnum. Benti á að einveran, einyrkjastarfið, sé vond staða.

Fiskvinnslunámskeið er einnig í burðarliðnum i samstarfi aðila í Eyjum, s.s Drífanda og hugsa þau sér að fjarkenna úr Eyjum.

e) Sigurður gerði grein fyrir Framtíðarsmiðjunni, röð námskeiða fyrir félagsmenn verkalýðsfélaganna á Austurlandi í samstarfi við verkalýðshreyfinguna, fyrirtæki og stofnanir á svæðinu.

f) Bryndís gerði grein fyrir fyrirhuguðu gæðastarfi hjá Farskólanum. Bryndís sýndi dæmi um það hvernig hún vildi sjá námskeið unnin í framtíðinni og tók sem dæmi námskeið í næringarfræði og matreiðslu. Þar er útlistað hvernig námskeiðið á að fara fram og nákvæmlega hverju það á að skila. Að námskeiðinu loknu er árangur metinn með spurningalista. Þetta veitir kaupendum námskeiðsins góðar upplýsingar um árangur.

g) Ásmundur sagði frá samstarfi við Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Þar eru á döfnni námskeið sem fjármagnað verður af Ríkismennt. Einnig eru í burðarliðnum námskeið fyrir starfsfólk á leikskólum. FNS verður einnig með námskeið um flokkun á sorpi í samstarfi við sveitarfélögin, en breytingar eru fyrirhugaðar á sorphirðu á svæðinu. Hann sagði einnig frá verkefni sem nefnist „rafrænt samfélag”.

h) Inga sagði frá menntasmiðju sem miðar að því að gefa einstaklingum sem búa við skerta vinnugetu tækifæri til að komast aftur út í atvinnulífið. Akraneskaupstaður er aðal samstarfsaðilinn, auk styrkja frá Starfsmenntasjóði og Samkaupum. Fyrirtækið Janus endurhæfing ehf. sér um kennsluna/meðferðina. Menntasmiðjan kostar um 5 mkr. Þátttakendur eru 16 talsins. Heildarfjöldi kennslustunda eru 390 kennslustundir. Áhersla er lögð á heilsu, hreyfingu, sjálfsefingu, tjáningu, samskipti, markmiðssetningu, íslensku og tölvuvinnu.

13. Starfsnefndaskil

- a. Inga kynnti vinnu starfshóps um opinberan stuðnings við skipulag og uppbyggingu á aðstöðu til fjarnáms utan höfuðborgarsvæðisins. Sagði hópinn ekki enn hafa skilað af sér vegna ágreinings. Helstu niðurstöður voru kynnar

(sjá fylgiskjal 5). Inga segir mikilvægustu niðurstöðuna vera þá að grunnframlag símenntunarmiðstöðvanna sé ekki ætlað til að fjármagna háskólanámið heldur eigi að koma til sérstök fjárveiting til þeirra miðstöðva sem þjónusta fjarnema. Nefndin sá fyrir sér fjóra kosti í stöðunni:

- Framlög ríkisins til miðstöðvanna verði aukin til að standa straum af kostnaði vegna aukins fjölda fjarnema.
- Háskólar greiði símenntunarmiðstöðvunum fyrir þá þjónustu sem þær veita fjarnemum.
- Fjarnemar greiði fyrir þjónustana.
- Komið verði á fót verkefnabundinni fjármögnun t.d. með sjóði sem símenntunarmiðstöðvarnar og háskólar geti sótt í til að standa straum af kostnaði við fjarnám í tímabundnum verkefnum.

Umræður spunnust um útfærslur tillagnanna, m.a. hvernig fjárþörf miðstöðvanna yrði metin, hvort stuðst yrði við hausatalningar, notkun þjónustunnar o.s.frv.

Ína þakkaði Ingu og Katrínu fyrir vel unnin störf og sagði árangurinn vera betri heldur en búist hafi verið við.

- Ína greindi frá vinnu verkefnisstjórnar um símenntun. Sú vinna sem helst fór fram þar tengdist Viku símenntunar. Næsta mál á dagskrá hjá nefndinni eru lög um fullorðinsfræðslu, en sú vinna er ekki hafin.
- Smári greindi frá vinnu stýrihóps í tengslum við norræna nefnd um móðurmál sem annað mál. Vinna hópsins snérist um að undirbúa hvaða verkefni yrðu kynnt af hálfu Íslands og að undirbúa ráðstefnu á Íslandi.

Smári greindi einnig frá stofnun Leiknar. Hann sagði fjáröflun hafa gengið mjög treglega og ljóst að starfsemin yrði ekki umfangsmikil fyrr en fjarmagn hefði verið tryggt til starfseminnar

Hann sagði Kvasi þurfa að senda uppsagnarbréf til AEAE, en Leikn á koma í staðinn fyrir Kvasi í þeim samtökum. Aðalfundur samtakanna verður í Lillehammer í Noregi á næstunni og verður Ingibjörg Elsa frá FA fulltrúi Leiknar á fundinum.
- Sigurður gerði grein fyrir starfi stjórnar Menntabráar. Játaði það skömmustulegur að stjórnin hefði ekkert fundað, en brúin virkað vel og stórvandræðalaust. Nýr fulltrúi Kvasis í stjórn Menntabráarinnar var kjörinn og varð Smári Haraldsson fyrir valinu.
- Ína greindi frá samtökunum FNV, sem eru norræn fullorðinsfræðslusamtök. Kvasi býðst að gerast aðili að samtökunum og taka þátt í samstarfsverkefnum á þeirra vegum. Ísland mun detta út úr samtökunum ef Kvasir samþykkir ekki aðild. Tillaga var sett fram um hlutaaðild Kvasis að samtökunum, en félagsgjöld nema um 50.000 kr. á ári. Sú aðild dugar í tvö ár, en þá verður annahvort að „kúka eða fara af koppnum”. Tillagan var samþykkt með fyrirvara um samþykki stjórna miðstöðvanna.

13. Kosningar

1. Tillögur

1.1. Tillaga að ályktun um fjarnámsframboð Háskóla Íslands

Lögð var til svohljóðandi ályktun:

„Haustfundur Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, haldinn á Húsavík 26.10.2005, skorar á Háskóla Íslands að auka framboð fjarnáms á sem flestum sviðum. Fundurinn skorar einnig á Háskóla Íslands að bæta það fjarnám sem þegar er í boði með þeim hætti að ljúka megi öllu náminu með fjarnámssniði.

Þessi ályktun Kvasis er í fullu samræmi við síauknar kröfur um sveigjanleika náms og tæknilega möguleika á miðlun óháðri stund og stað. “

Tillagan var samþykkt samhljóða

1.2. Tillaga vegna Nordplus Voxen verkefnis um raunfærni (sjá útlistun framar í fundargerð)

- Inga verði tengiliður Kvasis við verkefnið
- Einn verði valinn til að sjá um námshringina
- Þessir tveir fari á alla fundi og ráðstefnur á kostnað verkefnisins + Kvasis
- Auk þess fari einn frá einhverri annarri miðstöð á fundi og ráðst. á kostnað verkefnisins og Kvasis (róteri)
- Aðrir hafi auk þess kost að sækja fundi og ráðstefnur á eigin kostnað

			Styrkir
Fargjöld	40.000x3x6	720.000	-240.000
Uppihald	12.000x2x3x6	432.000	-96.000
Samtals		1.152.000 64 þús á mann á fund	Eftirstöðvar sem Kvasir borgar 816.000 45 þús á mann á fund
Kostnaður á miðstöð	9 miðst.	3 ár	Hámark 30 þús á ári á hverja miðstöð

Tillagan var borin undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða. Fundurinn samþykkti samhljóða að Valgerður Guðjónsdóttir yrði umsjónarmaður námshringja (studie circe).

1.3. Tillaga Valgerðar Guðjónsdóttur um mannaskiptaverkefni

Lagt var til að samtökin sækji um mannaskiptaverkefni (Leonardo) í febrúar 2006 og að Soffía Gísladóttir hjá Símei verði skipuð sem verkefnisstjóri fyrir hópinn.

Tillagan var samþykkt samhljóða

1.4. Tillaga að ályktun um fullorðinsfræðslu

Lögð var til svohljóðandi ályktun:

„Ályktun ársfundar Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, haldinn á Húsavík 25. og 26. október 2005

um Fullorðinsfræðslu

*Aðkoma opinberra aðila að fullorðinsfræðslu hefur verið af skornum skammti, en brýnt er að efla símenntun og fullorðinsfræðslu til mikilla muna á Íslandi. Sú staðreynd blasir við að 35% einstaklinga á vinnumarkaði hafa eingöngu lokið grunnskólanámi eða sambærilegri menntun hér á landi. Þetta hlutfall er enn óhagstæðara á landsbyggðinni. Því þarf að virkja þann mannauð sem býr í þessum hópi fólks með aukinni starfs- og símenntun. Mikilvæg skref hafi verið stigin af aðilum vinnumarkaðarins, m.a. með aðkomu þeirra að stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og símenntunarmiðstöðva. **Starf FA, að því er varðar þróun og gæði náms í þágu launafólks og atvinnulífsins og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa fengið stuðning ríkisvaldsins.** Mun meira fé þarf að koma til frá opinberum aðilum ef starfið á að skila umtalsverðum árangri.*

Til að unnt sé að koma menntun og þekkingu á framfæri þarf að efla símenntunarmiðstöðvarnar. Þær geta best sinnt þeim þjóðfélagshópum sem minnsta menntun hafa fyrir. Símenntunarmiðstöðvarnar nýu á landsbyggðinni og samsvarandi starfsemi í Reykjavík þarf að festa í sessi sem hluta af menntakerfi þjóðarinnar og raunverulegri fullorðinsfræðslu. Mikilvægt er að miðstöðvar, sem eru og eiga að vera sjálfstæðar einingar, fái í því sambandi m.a. nægjanlegt opinbert fjármagn til greiðslu húsnæðis, skipulags- og þróunarkostnaðar, þannig að tryggt verði að þær geti sinnt hlutverki sínu og séu óháðar framlegð af rekstri sjálfbærra námskeiða.

Tryggja þarf miðstöðvunum skilyrði til að koma á framfæri starfs- og símenntun í atvinnulífinu, sérstaklega nú, á tímum örra breytinga í atvinnulífinu þegar hefðbundnar atvinnugreinar víkja fyrir nýjum.

Tryggja þarf að nám fullorðinna sem metið er gilt til eininga á framhaldskólastigi, verði fjármagnað af ríkinu.

Tryggja þarf að starfs- og námsráðgjöf verði hluti af reglulegri starfsemi símenntunarmiðstöðvanna sem kostað verði af opinberu fé.

Tryggja þarf miðstöðvunum fjármagn til mikilvægra sérverkefna, svo sem sérnám fyrir nýbúa, útlendinga á vinnumarkaði og fyrir lesblinda.

Kvasir lýsir sig reiðubúinn til samstarfs við ríkisvaldið og aðila vinnumarkaðarins um að efla fullorðinsfræðslu og símenntum þannig að sem mestri skilvirkni og hagkvæmni verði náð í þessum mikilvæga málaflokki.

Samþykkt er að senda ályktunina eftirtöldum aðilum:
Menntamálaráðherra, ASÍ, SA, SGS, Leikn og FA, auk fjölmiðla.”

Tillagan var samþykkt samhljóða

1.5. Tillaga um Markviss

Lagt er til að kynning fari fram á Markviss aðferðafræðinni hjá þeim miðstöðvum sem eru tvístígangandi um rekstur Kvasis á Markviss verkefninu. Endanleg ákvörðun um framhaldið verði tekin fyrir áramót á félagsfundi Kvasis.

Tillagan var samþykkt samhljóða

1.6. Tillaga að ályktun um þróun skráningarkerfis hjá FA

Lögð var til svohljóðandi ályktun:

„Haustfundur Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, haldinn á Húsavík 26.10.2005, samþykkir að taka þátt í vinnu með FA við að þróa nýtt samræmt skráningarkerfi fyrir símenntunarmiðstöðvarnar.”

Tillagan var samþykkt samhljóða

Samþykkt var að Jóhann Ingólfsson yrði fulltúi Kvasis í þróunarvinnunni.

1.7. Tillaga um fulltrúa Kvasis í FNV

Lagt var til að Guðrún Kristín Jóhannsdóttir yrði fulltrúi Kvasis í FNV.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

1.8. Tillaga um uppsetningu heimasíðu/heimasvæðis

Smári Haraldsson lagði til að komið yrði upp lokuðu heimasvæði fyrir fundargerðir og upplýsingar um Kvasi. Heimasíðan yrði vistuð hjá einhverri miðstöðvanna.

Samþykkt var að síðan yrði vistuð hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða og að ritari Kvasis hverju sinni yrði ritstjóri síðunnar.

Tillagan var samþykkt samhljóða

1.9. Tillaga að ályktun um vinnu starfshóps menntamálaráðherra um fjarnám

Lögð var til svohljóðandi ályktun:

„Haustfundur Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, haldinn á Húsavík 26.10.2005, hvetur til að vinnu starfshóps menntamálaráðherra um opinberan stuðning við skipulag og uppbyggingu á aðstöðu til fjarnáms utan höfuðborgarsvæðisins, verði lokið sem fyrst og tryggt verði fjarmagn til að gera fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum kleyft að þjóna fjarnemum á háskólastigi.“

Tillagan var samþykkt samhljóða.

1.10. Tillaga að ályktun um fjármögnun grunnverkefna

Lögð var til svohljóðandi ályktun:

„Haustfundur Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, haldinn á Húsavík 26.10.2005, óskar eftir að fjárveitingavaldið tryggi fjármagn á fjárlögum 2006 til reksturs og uppbyggingar miðstöðvanna. Rekstrarframlag miðist við grunnrekstur með tveimur stöðugildum, þ.e. framlag verði að lágmarki kr. 14.8 millj. til hverrar miðstöðvar“

Tillagan var samþykkt samhljóða.

1.11. Tillaga um gæðahandbók

Lagt var til að Kvasir myndi vinnuhóp sem hefur það hlutverk að koma með tillögu að gæðahandbók fyrir fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar innan samtakanna.

Hópurinn skuli vinna í samvinnu við FA. Hópurinn skili tillögum sínum á aðalfundi Kvasis 2006. Hópurinn skipi Guðjónína Sæmundsdóttir, Bryndís Þráinsdóttir, Svava Svavarsdóttir, Jóhann Ingólfsson og Smári Haraldsson.

Tillagan var samþykkt samhljóða

2. Kosning til stjórnar:

Valgerður Guðjónsdóttir var kjörin í stjórn í stað Sigurðar Ólafssonar

Guðrún Kristín Jóhannsdóttir var kjörin varamaður í stjórn

Smári Haraldsson var kjörin í stjórn Menntabúar